



Dagsetning: 18. apríl 2023
Málsnúmer: 2304136/2.1.0

Til bæjarráðs

Um tillögu að reglum um fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar - breytingar

Á hverju ári hefur bæjarstjórn samþykkt sérstakar reglur um vinnslu fjárhagsáætlun komandi rekstrarárs, síðast í júní 2022 vegna áætlunargerðar ársins 2023. Reglurnar eru hins vegar að stofni til óbreyttar á milli ára en tímaáætlunin sjálf breytist milli ára. Hér er því gerð tillaga að reglur um gerð fjárhagsáætlunar Fjarðabyggðar verði framvegis er óháðar fjárhagsári og gildi, ef tillagan verður samþykkt, ótímabundið eða þar til önnur ákvörðun hefur verið tekin. Stundum hefur það hamlað upphafi áætlunargerðarinnar að bæjarstjórn hefur ekki samþykkt í tíma reglur um gerð áætlunar næsta árs.

Efnislega eru litlar breytingar á þessari tillögu frá fyrri reglum en þó einna helstar:

- Aftur er get ráð fyrir að vinna við áætlunargerðina hefjist í maí og verði nú föst regla framvegis en í fyrra var ekki varin þessi leið vegna kosninga. Fjarðabyggð hefur síðustu 3 ár þar á undan notast við þessa aðferð þ.e. að byrja ferlið í maí en ekki síðla sumars eða að hausti í ágúst/september.
- Breytingin hér að ofan felst aðallega í liðum 1 og 2 í kafla 2 um lýsingu á áætlunarferlinu.
- Bætt er inn kröfu, í grein 7.3 um rekstur fasteigna og tækja, á framkvæmdasviðið um að leita samráðs við sviðsstjóra og forstöðumenn um viðhalds- og endurbótaáætlun næsta árs.

Snorri Styrkársson
Fjármálastjóri